

## HVAÐ ER AÐ GERAST UM

### LIST

#### Nýlistasafnið:

#### Tumi Karlsson

Í Nýlistasafninu við Vatnssstíg stendur um þessar mundir yfir sýning á málverkum eftir Tuma Karlsson. Til sýnis eru málverk af ýmsu tagi unnin á Íslandi og í Englandi. Tumi hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum heima og erlendis.

Sýningin er opin frá 16.00 til 20.00 virka daga og frá 14.00 til 20.00 helga daga.

#### Prastarlundur:

#### Valtýr Guðmundsson

Valtýr Guðmundsson sýnir málverk í Prastarlundi þessa dagana. Þau eru öll máluð á síðustu mánuðum. Hann hefur oft áður sýnt í Prastarlundi.

Sýningunni lýkur á sunnudaginn.

#### Café Gestur:

#### Gunnar Í. Guðmundsson

A Café Gestu stendur nú yfir sýning á verkum Gunnars Í. Guðmundssonar. Til sýnis eru 12 ollumálverk og fjórar vatnslitamyndir. Þetta er 14. einkasýning Gunnars.

#### Neskaupstaður:

#### 3 sænskir grafíklistamenn

A morgun verður opnuð í Neskaupstað sýning á verkum þriggja grafíklistamanna frá bænum Eskilstuna í Svíþjóð. Sýningin stendur út mánuðinn.

#### Gallerí Gangurinn:

#### Carlo Mauro

Ungur Ítali, Carlo Mauro, heldur um þessar mundir sýningu í Gallerí Ganginum, Rekagranda 8. Hann hefur sýnt víða, einkum í Sviss og á Ítalíu. Á sýningunni eru nokkrar myndaraðir og bækur.

#### Hótel Garður:

#### Sýning á smámyndum

Mahmood Mall frá Pakistan opnaði um síðustu helgi sýningu á litlum teikningum og vatnslitamyndum á Hótel Garði.

Mall hefur sýnt á ýmsum stöðum í Evrópu og Asíu síðustu 15 árin. Hann teiknar einkum og malar byggingar, bæði fornminjar og nýtskulegar byggingar.

Sýningin hefst sem fyrr segir í dag og henni lýkur 18. ágúst næstkomandi.

#### Skíðaskálinn í Hveradölum:

#### Málverkasýning

Bjarni Jónsson listmálari sýnir olíumálverk og vatnslitamyndir í nýja gróðurskálanum við skíðaskálinn í Hveradölum. Sýningin er opin alla daga.

#### Selfoss:

#### Sýning í Safnahúsinu

Í sýningarsalnum í Safnahúsinu á Selfossi stendur nú yfir sérsýning á 32 myndum sem Listasafni Árnesinga hafa áskotnast undanfarið ár.

Sýningin er opin frá 14.00 til 16.00 á virkum dögum en frá 14.00 til 18.00 um helgar. Sýningunni lýkur um helgina.



# Helgina?



Kjarvalsstaðir:

## Norræn vefjarlistarsýning

Textíltríennalinn svokallaði er samsýning norrænna textíllistamanna. Hún stendur nú yfir í fjórða sinn og að þessu sinni á Kjarvalsstöðum.

520 verk voru send til dómnefndar sýningarinnar sem svo valdi úr 80 verk. Margir velþekktir listamenn eru meðal þeirra sem sýna sem og ungir og upprennandi. Á sýningunni má sjá margar nýjungar í meðferð efnis og forms.

Fulltrúar Íslands á sýningunni eru: Guðrún Gunnarsdóttir, Guðrún Marínósdóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 14.00 til 22.00. Henni lýkur 25. ágúst.

í gær. Þetta er önnur einkasýning Elínar og sýnir hún málverk unnin í pappír og silki.

Sýningin verður opin til sunnudagsins 18. ágúst frá kl. 13.00 til 20.00 daglega.

#### Ísafjörður:

#### Sýning í Slunkaríki

Lára Gunnarsdóttir sýnir um þessar mundir í Slunkaríki á Ísafirði. Á sýningunni eru 14 teikningar unnar með blýanti, litblýanti og kolum.

Lára var við nám í Myndlista- og handiðaskóla Íslands frá 1978 til 1983. Þessi sýning er fyrsta einkasýning hennar en áður hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningin er opin frá kl. 14.00 til 18.00 þriðjudega til föstudaga og frá kl. 15.00 til 18.00 um helgar. Henni lýkur á morgun.

#### Ferstikla, Hvalfirði:

#### Málverkasýning

Ólafur Thorlacius opnaði um mánaðamótin málverkasýningu í

veitingaskálanum Ferstiklu í Hvalfirði.

Hann sýnir þar vatnslitamyndir, landslagsmyndir frá Vesturlandi. Sýningin stendur í mánuð.

### SÖFN

#### Þjóðminjasafnið:

#### Íslenskar hannyrðir í Bogasal

Nú stendur yfir í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á verkum íslenskra hannyrðakvanna og nefnist hún „Með silfurbjarta náli“. Þar gefur að líta verk eftir rúmlega 40 konur sem uppi voru frá því á 12. öld og fram undir síðustu aldamót. Á sýningunni er leitast við að draga fram helstu einkenni hinnar íslensku út-saumshefðar. Mjög vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út og er í henni meðal annars að finna ævi-ágríp allra þeirra kvanna sem verkin á sýningunni eru eftir.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30 til 16.00 fram í október.

#### Norræna húsið:

## Grafíkmyndir eftir Piu Schutzmann

Í anddyri Norræna hússins stendur nú yfir sýning á grafíkmyndum eftir danskan myndlistarmann, Piu Schutzmann.

Pia Schutzmann byrjaði ekki að fást við myndlist fyrr en hún var orðin þrítug, fékk þá inngöngu í Listaakadémíuna í Kaupmannahöfn. Fyrstu árin vann hún aðallega við grafík og teikningar, á seinni árum hefur hún snúið sér meir að olíumálverki og höggmyndum. Í Danmörku er hún þó einkum þekkt sem grafíklistamaður.

Hún hefur sýnt grafíkmyndir á öllum Norðurlöndunum áður, nema Íslandi. Sýningin verður opin á venjulegum opnunartíma Norræna hússins og lýkur 22. ágúst.

#### Gallerí Langbrók:

#### Fellistóllinn Sóley

A fimmtudaginn hófst í Gallerí Langbrók sýning á fellistólum Sóleyju eftir Valdimar Harðarson arkitekt. Sýndar verða ýmsar útgáfur af stólum auk ljósmynda af frumgerðum hans.

Sýningin stendur í hálfan mánuð og er aðgangur ókeypis. Virka daga er opið frá kl. 10.00 til 18.00 og 14.00 til 18.00 um helgar.

#### Gallerí Borg:

#### Sumarsýning

Í Gallerí Borg hefur verið opnuð sumarsýning. Þar eru til sýnis um hundrað myndverk, grafíkmyndir, pastelmyndir, vatnslitamyndir og teikningar eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar. Einnig eru til sýnis listmunir úr keramik og gleri.

Sýningin verður opin til ágústloka og mun taka einhverjum breytingum frá degi til dags.

Gallerí Borg verður lokað um helgar í ágúst nema sérstakt samkomulag komi til við einstaklinga eða hópa.

#### Eden Hveragerði:

#### Ray Cartwright sýnir

Ray Cartwright heldur um þessar mundir sýningu á olíumálverkum, vatnslitamyndum og spjald-ristum í Eden í Hveragerði í dag.


Þetta er þriðja einkasýning Rays í Eden en hann hefur einnig sýnt spjald-ristur í Borgarspítalanum og haldið sýningu í Ásmundarsal.

Sýningunni lýkur 18. ágúst. Öll verkin á sýningunni eru til sölu.

#### Vesturgata 3:

#### Málverk í pappír og silki

Elín Magnúsdóttir opnaði einkasýningu í „Salnum við Vesturgötu 3“



#### Ásgrímssafn:

#### Sumarsýning

Sumarsýning Ásgrímssafns stendur yfir til ágústloka. Sýningin er haldin á heimili listamannsins. A neðri hæð er að finna eldri málverk hans en á efri hæðinni gefur að líta yngri verk, olíumálverk, teikningar og vatnslitamyndir.

Lögð hefur verið áhersla á að hafa sýninguna sem fjölbreytilegasta bæði hvað varðar myndefni og tækni. Safnið er opið alla daga nema laugardaga frá kl. 13.30 til 16.00. Aðgangur er ókeypis.

#### Ásmundarsafn:

#### Konan í list Ásmundar

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem ber heitið „Konan í list Ásmundar“. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mestallan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum.

Sýningunni sem stendur til næsta vors, er skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum söllum safnsins: Kona og karl, niðri í kúlunni, Kona við vinnu, í píramíðunum, og Kona sem tákn, í skemmumni.

Safnið er opið alla daga frá kl. 10.00 til 17.00.

#### Árbæjarsafn:

#### Sumarsýning

Sumarsýning Árbæjarsafns stendur yfir. Hér er um að ræða farandsýningu frá Þjóðminjasafni Grænlandinga í Nuuk. Sýndir eru grænlandsku bátarnir quajaq og umi-aaq.

Sýningin er opin á opnunartíma safnsins sem er frá kl. 13.30 til 18.00 alla daga nema mánudaga.

#### Sædyrasafnið:

#### Dýrin mín stór og smá

Sædyrasafnið verður opið um helgina eins og alla daga frá kl. 10.00 til 19.00.

Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annarra dýra, stórra og smárra.

#### Listasafn

#### Háskóla Íslands:

#### Nútímaverk íslenskra listamanna

Listasafn Háskóla Íslands í Odda (nýbyggingu Háskólans beint upp af Norræna húsinu) sýnir 90 verk úr safni sínu. Um er að ræða úrval af nútímaverkum safnsins sem öll eru eftir íslenska listamenn.

Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30 til 17.00. Aðgangur er ókeypis en sýningarskrá má fá keypta hjá gæslukonu á staðnum. Sýningin mun standa fram í september.

### SAMKOMUR

#### Fógetinn:

#### Angus Rollo kominn aftur

Angus Rollo sem spilaði og söng á Fógetanum fyrr í sumar er kom aftur til landsins um síðustu helgi. Mun hann skemmta gestum Fógetans í Adalstræti til 22. ágúst, öll kvöld nema mánudagskvöld, en þá eru djasskvöld haldin á Fógeta.